



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Suðurlandsvegur við Kjartansstaði 7.8.2013

Málsnr. 2013-U013



Rannsóknir
Rannsóknarnefndar
samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

Suðurlandsvegur við Kjartansstaði 7.8.2013

Árekstur sendibifreiðar og vörubifreiðar
Látinn, 58 ára karlmaður

Samantekt

Slysið varð síðdegis á Suðurlandsvegi austan við Kjartansstaði. Ökumaður Toyota Hiace sendibifreiðar ók austur Suðurlandsveg frá Selfossi. Að sögn vitna rásaði bifreiðin á veginum og stefndi yfir á öfugan vegarhelming. Ökumaður fólksbifreiðar með fellihýsi sem ók vestur Suðurlandsveg sá bifreiðina koma á móti sér og vék frá og slapp við árekstur. Fyrir aftan fólksbifreiðina með fellihýsið var Iveco vörubifreið og hafnaði Toyota sendibifreiðin framan á henni. Ökumaður Toyota sendibifreiðarinnar slasaðist lífshættulega í árekstrinum og lést vegna áverka sem hann hlaut í slysinu

Aðstæður

Veður og birta: Dagsbirta, vindur 12 m/sek, hiti 14°C, sólskin.

Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst.
1041 ökutæki að meðaltali á dag (ÁDU).

Tími sólhrings:

Kl. 17.20

Ökutæki:

Toyota Hiace sendibifreið og Iveco Margirus vörubifreið

Rannsóknarnefnd umferðarslysa
Húsi Flugbjörgunarveitarinnar
Flugvallarvegi
101 Reykjavík

Heimasíða:
www.rnsa.is


Tölvupóstfang:
rnsa@rnsa.is

Lýsing á slysi

Slysið varð síðdegis á Suðurlandsvegi austan við Kjartansstaði. Ökumaður Toyota Hiace sendibifreiðar ók austur Suðurlandsveg frá Selfossi. Að sögn vitna rásaði bifreiðin á veginum og stefndi yfir á öfugan vegarhelming. Ökumaður fólksbifreiðar með fellihýsi sem ók vestur Suðurlandsveg sá bifreiðina koma á móti sér og vék frá og slapp við árekstur. Fyrir aftan fólksbílinn með fellihýsið var Iveco vörubifreið og hafnaði Toyota sendibifreiðin framan á henni. Ökumaður Toyota sendibifreiðarinnar hlaut lífshættuleg meiðsli og lést í sjúkrahús á leið á sjúkrahús. Förl eftir ökutækin á vettvangi voru greinileg. Áreksturinn varð á vegarhelmingi Iveco vörubifreiðarinnar og mátti sjá að ökumaður hennar reyndi að hemla og beygja frá út í kant.

Þegar slysið varð voru aðstæður til aksturs ágætar, bjart og vegurinn þurr. Vitnum bar saman um að hraði ökutækjanna hafi ekki verið mikill. Samkvæmt ökuritaskífu var Iveco vörubifreiðinni ekið á 85 km/klst. hraða. Báðir ökumenn notuðu bílbelti.

Þar sem slysið varð hafði vegurinn nýlega verið malbikaður og breikkaður. Akreinar eru þarna 3,5 metrar og malbikaðar vegaxlir 1,5 metrar hvoru megin (samtals 10 metrar á breidd). Allar yfirborðsmerkingar voru nýmálaðar.



Horft austur Suðurlandsveg á slysavettvang. Toyota Hiace sendibifreiðin fór yfir á öfugan vegarhelming og hafnaði framan á Iveco vörubifreið. Fólksbifreið með fellihýsi sem var á undan Iveco vörubifreiðinni slapp við árekstur.



Iveco vörubifreiðin. Ákoma var fremst á vinstri hlið.

Framkvæmd var bíltæknirannsókn á báðum ökutækjum eftir slysið. Iveco vörubifreiðin vó um 17 tonn með farmi. Ákoma var fremst á vinstri hlið og dróst vinstri hjólbarði undan. Stýris- og hjólabúnaður hennar var í lagi fyrir slysið að mati bíltæknisérfræðings og hemlageta næg.

Ákoma á Toyota Hiace sendibifreiðina var mest vinstra megin að framan og á vinstri hlið. Vinstri hjólbarði fór undan bifreiðinni við áreksturinn en stýris- og hjólabúnaður hennar var í lagi fyrir slysið að mati bíltæknisérfræðings. Verður orsök slyssins ekki rakin til ástands ökutækjanna fyrir slysið.

Niðurstöður áfengis og lyfjamælinga leiddu í ljós að ökumenn voru ekki undir áhrifum áfengis eða lyfja er slysið varð.

Orsakagreining

- Ökumaður Toyota sendibifreiðarinnar rásaði á veginum og ók yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir Iveco vörubifreið sem kom úr gagnstæðri átt.

Skýrsla samþykkt af:

**Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen**

f.h. Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri.